

Draugar og Mosó – smiðja á þemadögum

5. bekkur

Viðurkenning fyrir mynd:

Ásdís Agla, 5-GA

Óliver, 5-GT

Ragnar Þór, 5-HG

Sylvia, 5-AGM

Þórhildur, 5-HG

Viðurkenning fyrir sögu:

Elísa Ósk, 5-ÁGM

Elva Margrét, 5-ÁGM

Katrín Agnes, 5-GA

Lukka Miriam, 5-ÁGM

Sigrún Maggý, 5-GA

6. bekkur

Viðurkenning fyrir mynd:

Anna Pálína, 6-HH

Heiðdís Hlíf, 6-AJ

Hróar, 6-HH

Jakob, 6-ÁJH

Viktor Þór, 6-ÁJH

Viðurkenning fyrir sögu:

Agnes Emma, 6. ÁJH

Egill, 6-ÁJH

Emilía, 6. HH

María, 6. ÁJH

Snorri, 6. ÁJH

5. bekkur

Elísa Ósk, 5-ÁGM

Eitt sinn kom ég heim úr skólanum. Ég var með bestu vinkonu minni. Ég opnaði dyrnar heima hjá mér og þegar ég labbaði inn sá ég eitthvað hvítt hreyfast fyrir ofan stigann. Mér brá smá en ég gleymdi því strax. Þegar ég var búin að borða þurfti ég á klósettið. Ég fór inn á bað og settist á klósettið. Allt í einu sá ég draug. Ég öskraði og kallaði á vinkonu mína. Hún sagði: „Hvað er að þér, ertu eitthvað biluð, veistu hvað mér brá mikið?“ Þá sagði ég: „Ég sá draug!“ „Ég er búin að segja þér mörg þúsund sinnum að það eru ekki til draugar.“ „Komdu bara og sjáðu!“ „Allt í lagi, ég skal koma.“ Þegar hún kom inn á bað sá hún drauginn og hún öskraði. „Allt í lagi, núna trúi ég þér.“ Þá sagði draugurinn: „Ekki vera hræddar, ég kann að dansa, eigum við að fara í allir dansa kónga?“ „Já, allt í lagi, gerum það.“ Ég spurði drauginn: „Hvað heitirðu?“ „Ég heiti Kalli Balli Bimmbó.“ „Vá, hvað það er skrýtið nafn!“ sögðum við. Síðan fór vinkona mín heim og draugurinn líka.

Elva Margrét, 5-ÁGM

Það var lítil stelpa sem átti heima í stóru húsi. Hún var einkabarn og hún hét Lilja. Einn daginn þá fór hún út í kirkjugarð að skipta um blóm hjá afa sínum. Þá heyrði hún eitthvað brak og skringileg hljóð. Henni brá mikið og hún varð mjög hrædd. Hún hljóp heim og henni fannst að eitthvað væri að hlaupa fyrir aftan sig og hún hljóp hraðar og hraðar þangað til hún fann eitthvað toga í [sig]. Hún horfði til baka en sá ekki neitt. Svo tosaði hún á móti og þá sleppti eitthvað henni. Hún kíkti og sá fótspor. Hún hélt að þetta væri draugur og þegar hún kom heim var hún mjög hrædd og vildi ekki segja neitt. Hún náði ekki að sofna. Hún hugsaði sér að eitthvað myndi koma og taka hana. Hún var svo hrædd. Þrjátíu árum síðar var hún dáið. Þá flutti fjölskylda í þetta hús. Það var þriggja ára stelpa. Hún var rosa sæt. [Foreldrar hennar] fóru einn daginn að skemmta sér og þau hringdu í barnapíu og báðu hana að passa litlu stelpuna sína. Hún sagði já og kom að passa hana. Þegar hún var að svæfa hana sá hún að litla stelpa var að horfa út í loftið og var að hlæja. Henni fannst það skrýtið og svo sagði [litla stelpa]: „Ég á heima hér.“ Þá sagði [barnapían]: „Ég veit það.“ Þá sagði hún: „Sjáðu, þarna er lítil stelpa.“ Þá sagði [barnapían]: „Nei.“ Þegar hún sofnaði þá var hún að velta fyrir sér hvað [litla stelpa] væri að segja. Þá heyrði hún einhver hljóð og varð

soldið hrædd. Svo komu foreldrarnir heim og spurðu hvort að hún hefði ekki bara verið þæg. Þá svarar hún: „Já.“ Og svo sagði hún þeim hvað hún hafði sagt. Þeim fannst það líka skrítið. Um nóttina vaknaði mamma hennar og kíkti niður. Þar sá hún litla stelpu vera að fá sér að borða. Hún nuddaði augun en sá það sama. [Litlu stelpunni] brá rosa. Svo kíkti hún á hana og faldi sig. Hún var hrædd en konan sagði að það væri allt í lagi og fór að tala við hana. Og litla stelpun sagði henni að hún hefði búið hér og sagði henni alla söguna.

Katrín Agnes, 5-GA

Eitt blautt og kalt kvöld var stelpa sem hét Helena. Hún og mamma hennar voru nýfluttar í mjög draugalegt hús. Eitt kvöldið þurfti mamma hennar að fara í vinnuna. Þá sagði Helena við mömmu sína: „Ég vil ekki vera alein heima.“ Mamma hennar sagði að þetta væri allt í lagi. Það endaði með því að mamma hennar fór. Allt í einu heyrði Helena eitthvað hljóð. Hún heyrði að hljóðið kom úr stofunni svo hún fór þangað. En þegar hún kom þangað var enginn þar. Þá heyrði hún hljóðið koma úr eldhúsinu en þar var ekkert. Svo heyrðist hljóðið inni í forstofu. Hún hljóp þangað eins hratt og hún gat. Þá sá hún eitthvað hvítt sem fór mjög hratt inn í skóginn sem var rétt hjá. Helena hljóp á eftir þessu hvíta inn í skóginn. Þegar mamma hennar kom heim fann hún ekki Helenu. Hún leitaði í marga mánuði þar til hún fann hana dána úti í skógi. Eftir þetta hefur fólk heyrt og stundum séð eitthvað í húsinu sem Helena bjó í.

Lukka Miriam, 5-ÁGM

Einu sinni var lítil stelpa sem hét Karen. Hún var að fara niður í kjallara að ná í hjólið sitt. Öll ljósin voru slökkt. Karen var orðin hrædd vegna þess að hún heyrði eitthvað hljóð. Hún kíkti á staðinn þaðan sem hún heyrði hljóðið en hún fann ekkert. Svo heyrði hún hljóðið aftur og þá sá hún draug. Karen var orðin rosalega hrædd og hún kallaði á mömmu sína. En hún heyrði ekki í henni. Hún hljóp upp eins hratt og hún gat. Draugurinn hljóp á eftir henni. Svo fór draugurinn aftur niður í kjallara. Þá sagði Karen alla söguna en mamma hennar trúði henni ekki. Þá sagði Karen: „Komdu með mér niður og sjáðu drauginn!“ Mamma hennar fór með henni niður en hún sá ekki neitt og heyrði ekki neitt. Svo heyrði hún ískur í hurðinni og kíkti á bak við hurðina. Þar sat draugurinn og var að lesa.

Sigrún Maggý, 5-GA

Ófreskjan Flóarfreskja

Einu sinni í Varmárskóla árið 1988 var lítil telpa að nafni Guðrún sem var í 3. bekk. Hún var að byrja á nýrri bók sem hét Náttúran mín. Hún fór með kennaranum sínum sem var mjög ljúf og góð með falleg blá augu. Þær fóru niður í bókageymslu og fundu bókina. Allt í einu breytist kennarinn í hryllilega ófreskju með glóandi græn og rauð augu. Ófreskjan sagði með hryllilegri röddu: „Ég heiti Flóarfreskja!“ Flóarfreskja hélt áfram og sagði: „Ég hræði úr þér líftórana ef þú slekkur ekki ljósin.“ Og Guðrún varð svo hrædd að hún slökkti bara ljósin og gekk til baka. „Nú elda ég þig í seyðandi potti í myrkrinu,“ sagði Flóarfreskjan. Guðrún öskraði: „Hjálp, hjálp, hjálp!“ – og var þá allt í einu stödd í stofunni sinni. Hún hafði þá bara sofnað í tímanum.

6. bekkur

Agnes Emma, 6-ÁJH

Einu sinni þegar það voru æfingabúðir hjá kórnum sem heitir Ljósakórinn þá gerðist dálítið undarlegt. Við vorum skammt fyrir utan Selfoss á stað sem heitir Alviðra. Húsið var gamalt og lítið. Það brakaði í öllu. Um nóttina vaknaði ég við að það var eins og einhver væri að labba upp stigann. Ég gekk fram og leit niður stigann. Ég sá svarta skikkju læðast fram hjá Láru. Ég elti veruna og sá hana ganga út. Þá sá ég að veran var ekki með neina fætur. Hún sveif um í loftinu. En það sem skrítnara var, það komu fótspor eftir veruna þótt hún væri ekki með lappir. Mér fannst þetta furðulegt en fór bara aftur að sofa. Daginn eftir leit ég út og ætlaði að elta fótsporin en þá voru þau horfin....

Egill, 6-ÁJH

Einu sinni var strákur. Hann átti heima upp í dalnum. Um nóttina heyrði hann rosalega hræðileg hljóð! Daginn eftir fór hann í skólann. Eftir skólann kom hann heim, borðaði, horfði á sjónvarpið og fór í rúmið. Svo heyrði hann aftur hryllileg hljóð. Hann leit upp og sá ljótasta draug sem hann hafði séð á ævi sinni. Hann var glær en í rifnum fötum með blóð út um allt....aaaaaaa! Hann gat ekki stillt sig um að æpa. Mamma hans og pabbi hlupu inn og sögðu: „Hvað gerðist? Hvað er að?“ „Mamma og pabbi, ég sá draug!“ „Svona, svona, þetta er í lagi. Þig dreymdi þetta bara.“ En allt í einu kom draugurinn inn og allir öskruðu. Draugurinn

brosti svo að það sást í blóðugar tennurnar. Hann tók kipp og drap bæði pabba stráksins og mömmu hans. Svo át hann þau bæði. Strákurinn hljóp öskrandi út úr húsinu en draugurinn fylgdi á eftir. Strákurinn hljóp eins hratt og hann gat til lögreglunnar. Draugurinn flaug óvart ofan í poll og leystist upp. Drengurinn fór að gráta en sagði: „Ég lifði þó af.“

Emilía, 6-HH

Strákurinn í heimilisfræðistofunni

Þegar ég labba inn í skólann standa krakkarnir í hóp. Þeir eru að hlusta á einn strákinn segja draugasögu um draug í skólanum. Margir virðast trúa honum en ég trúi honum ekki. Sagan fjallar um strák sem dó og gengur aftur. Strákurinn sem segir söguna segir að hann hafi séð drauginn. Ég nenni ekki að hlusta á og tala frekar um bekkjarkvöldið sem átti að halda þennan dag. Dagurinn fór nánast í það að undirbúa bekkjarkvöldið svo hann var mjög fljótur að líða. Þegar ég kem heim þarf ég að klæða mig og baka fyrir bekkjarkvöldið. Svo kemur mamma og keyrir mig á það. Það eru flestir komnir og eru búnir að fá sér sæti inni í sal. Við byrjum á að vera með kynningu á plánetum og tunglum í alheiminum. Svo borðum við matinn sem allir komu með. Svo kom það skemmtilegasta: eltingaleikur. Ein stelpan byrjar að „verann.“ Ég og nokkrir krakkar hlupum niður í kjallara, þar á meðal strákurinn sem sagði söguna. Þegar við nálgumst heimilisfræðistofuna sýnist mér eitthvað skjótast inn í hana en hún var lokuð. Fleiri krakkar sáu þetta og við reyndum að opna stofuna en hún var læst. Þegar við ætlum að hlaupa upp heyrir mér eitthvað detta í heimilisfræðistofunni. Það er eins og einhver hrindi fullt af hlutum úr hillum. Við getum ekki verið lengur þarna svo við hlaupum upp og reynum að gleyma þessu....Næsta dag fer ég í heimilisfræði. Þar er allt hveiti og öll hráefni dottin úr hillunum.

María, 6-ÁJH

Á sama tíma og vindurinn þaut að opna þakglugganum fuku gardínurnar í allar áttir. Á gluggakistunni mátti sjá mynd af tveimur litlum stúlkum sitjandi á kistu og horfa á hvor aðra. Þegar næsta vindhviða stefndi að glugganum mátti sjá að myndin fór hægt og rólega upp og græn augu tóku að myndast í rökkrinu. Þetta voru ekki vinaleg augu. Augun voru ekki glöð....ekki leið....var það reiði eða....afbrýðissemi?

Sóley hafði alltaf búið í Hafnarfirði ásamt móður sinni, föður sínum og litlu systur. Það voru fá hús þar og ákaflega fallegt. Húsið hennar var á

Þremur hæðum, þótt oftast væri bara notast við tvær efstu hæðirnar. Þau keyptu húsið af einhverjum manni sem byggði það á síðustu öld en hafði flutt þaðan út af óhugnanlegum draugagangi og hræðilegum draumum. Þóra og Haraldur trúðu ekki á svona sögur og keyptu bara húsið. Þegar Sóley var að fara að sofa eina nóttina fann hún að vindurinn þaut fram hjá henni eins og hönd hefði snert hana svona allt í einu. Dyrnar voru opnar. Hún var alveg viss um að þeim hafði verið lokað skömmu áður. Hún gekk að hurðinni. Hún ætlaði að loka en þá sá hún að dyrnar á háaloftinu voru líka opnar. Hún var orðin verulega hrædd. Þegar hún ætlaði að loka dyrunum þar líka gekk hún ósjálfrátt upp stigann og dyrnar lokuðust strax á eftir henni. Við skellinn í hurðinni vaknaði hún í rúminu sínu með myndina af stelpunum sem sátu á eldgömlu kistunni brosandí út að eyrum svo að það sást í frekjuskarðið.

Snorri, 6-ÁJH

Helgi, Sigurður og Kata voru systkini. Helgi og Sigurður voru tvíburar. Þeir voru 8 ára. Kata var 15 ára. Mamma þeirra og pabbi voru í fríi. Amma þeirra var að koma að passa þau. Allt í einu heyrðu þau spilað á píanó uppi á háalofti. Þeim brá. Kata ákvað að vera djörf og gá hvað þetta væri. Strákarnir þorðu ekki. Kata fór upp. Það leið langur tími. Píanóið hætti ekki að spila. Allt í einu heyrðu þeir öskur uppi á háalofti. Helgi kallar í Kötu. Píanóið hætti að spila. Þeir heyrðu fótatak koma niður stigann og gamla konurödd segja: „Kast, kast, kast!“ Þegar amma þeirra kom var enginn inni í húsinu. Hún sá aðeins lítinn blóðdropa á gólfinu og blátt auga.